

27.4.2016

Vegna vegaáætlunar, viljum koma á framfæri ítrekuðum óskum okkar um að fjárveitingar verði til vegagerðar í Skorradalnum. Skorrdælingar hafa setið á hakanum um nokkurn langan tíma og eru því mjög ósáttir, ef ekki á að gera ráð fyrir fjármunum til framkvæmda í dalnum í nýrri vegaáætlun. Við förum því framá að tekið verði tillit til þarfa og óskar okkar við endanlega gerð vegaáætlunar. Meðfylgandi er nánari lýsing á aðstæðum á svæðinu og eins er nánari lýsing á óskum okkar, sem við vonum að tekið verði tillit til.

Bestu kveðjur. Árni Hjörleifsson  
oddviti Skorradalshrepps

# Til samgöngunefndar Alþingis

Vegir í Skorradal

25/4. 2016

Varðandi vegamál í Skorradal, langar mig að koma á framfæri að nú er nokkuð langt um liðið frá því unnið hefur verið við varanlega vegagerð í Dalnum. Varanlegt slitlag er einungis á hluta vegar no. 508 að norðanverðu í dalnum, en báðu megin vatnsins er veruleg umferð vegna mikils fjölda sumarhúsa á svæðinu.

Eins er rétt að draga athyggli að því að vegur no. 508 er mjög varasamur á nokkrum stöðum, til að mynda er leiðin um Hvammsklif verulega mikill farartálmi í snjóum.

Þar sem varanlegu slitlagi á vegi no. 508 líkur við landamörk Hvamms, en þaðan og inn að Fitjum við enda vatnsins er vart hækt að tala um annað en að vegurinn sé lítið meira en vegaslóði. Á Fitjum hefur verið að byggjast upp ferðapjónusta sem kallar á töluverða umferð. Eins hefur aukist verulega umferð þungra faratækja vegan atvinnustarfssemi skóræktarinnar í Hvammslandinu, það er því verulega mikil þörf á vegabótum á þessu svæði.

Varðandi veg no. 507 Mófellsstaðaveg og veg no. 520 í átt að Draghálsi þyrfti að koma á varanlegu slitlagi en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum er undirlag þessara vega nokkuð gott og því ætti það að vera til sparnaðar að koma á þessa kafla varanlegu slitlagi til að draga úr viðhaldskosnaði.

Við veg no. 507 er bæði safnstöð fyrir sorp og sundlaug hreppsins og því all nokkur umferð af þeim sökum. Það er þó að öllum líkindum nægilegt að hafa veg no. 507 með fjöggra metra slitlags breidd og þar að leiðandi því um lægri kosnað að ræða.

Rétt er að benda á að all nokkur eldhætta er í dalnum, vegna þess að þar er fjöldi sumarhúsa og mikill kjarrgróður. Það er því mikil nauðsin á að um gott vegasamband sé að ræða.

Bæði til að koma fólki frá svæðinu og eins til þess að slökkvibílar komist til að athafna sig. Skorradalshreppur fékk úthlutað 1,000,000 kr. úr styrkvegasjóði 2015 til lagfæringar á vegi um Vatnshorn og við Bakkakot, þarna er um yllfæran vegaslóða að ræða en er hluti af flóttaleið suður fyrir enda vatnsins og tenging við Draghálsveg no.520 .

Það er mikil nauðsin á að áfram verði veitt fé til þessara lagfæringa, því leiðin er aðeins fær jeppum eins og hún er nú.

Við viljum jafnframt draga athygli að því að snjómokstri þarf að vera mun betur sinnt á vegi no. 520 yfir Draghálsinn, en það er mikilvæg tenging, þegar ófært er fyrir Hafnarfjallið í slæmum veðrum.

Skorrdælingar vita að um takmarkað fé er að ræða til vegamála, en okkur fynnst sem við höfum verið nokkuð afskiptir á síðustu árum.

Það eru yfir sexhundruð bústaðir á svæðinu auk lögbýla og er því all nokkur umferð af þeim sökum. Það er því von okkar að þið taki vel í ósk okkar og styðjið okkur, svo að einhverju vegafé sé ráðstafað til áframhaldandi framkvæmda á svæðin

fyrir hönd Skorradalshrepps

-----  
Árni Hjörleifsson oddviti.